

Drög að ályktun 42. þings Alþýðusambands Íslands í húsnæðismálum

42. þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að ráðist verði gegn bráðavanda á húsnæðismarkaði. Ríki og sveitarfélög þurfa nú þegar að beita sér fyrir því að hafin verði bygging þúsunda íbúða til að mæta uppsafnaðri þörf. Jafnframt þarf að tryggja framlög til að fjölga íbúðum fyrir tekjulægri heimili í nýja almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin. Þannig verði lagður grunnur að langtímauppbyggingu á öflugu, sjálfbæru leiguíbúðakerfi þar sem húsnæðisöryggi íbúa er tryggt.

Þingið leggur áherslu á að viðráðanlegur húsnæðiskostnaður er forsenda félagslegs- og fjárhaglegs öryggis. Taka þarf á háum vaxtakostnaði íslenskra heimila, auka stöðugleika húsnæðisstuðnings og tryggja að leigjendur og fasteignakaupendur sitji við sama borð.

Auðvelda þarf ungu fólki fyrstu kaup og þeim sem ekki eiga eignir fyrir að komast inn á fasteignamarkaðinn m.a. með því að hvetja til húsnæðissparnaðar og endurskoða greiðslumatsferlið. Í dag eru margir í þeirri stöðu að greiða húsaleigu sem er mun hærri en greiðslugeta þeirra samkvæmt greiðslumati segir til um.